

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 05 – 2024

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 28. maí 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, Birgir Haraldsson, Daði Már Kristófersson, Haukur Þórðarson og Jóhannes Sveinbjörnsson. Þórána Jónsdóttir boðaði forföll. Álfheiður Marínósdóttir kennslustjóri sat fundinn undir lið 1.

- Starfsáætlun- breytingatillögur.** Álfheiður Marínósdóttir kennslustjóri kynnti þrjár breytingatillögur við starfsáætlun komandi skólaárs og voru þær samþykktar.
- Skipurit – Ályktun háskólafundar 13. maí sl. og umræða um næstu skref.** Á háskólafundum lagði rektor fram tvær tillögur að nýju skipuriti sem voru ræddar á fundinum. Önnur tillagan hafði verið verið rædd í háskólaráði og framkvæmdastjórn en sú seinni hafði ekki verið lögð fram áður. Áhersla er á að hafa eina fagdeild, Líf og land, þar sem fagleg samfella er með viðfangsefnum rannsókna og námsframboðs. Gert er ráð fyrir fjórum brautum undir hinni nýju fagdeild. Í tillögunum tveimur er rekstrarsviði, stoðþjónustu og sjálfstæðum einingum eins og Endurmenntun og Gró, komið fyrir með ólíkum hætti í skipuriti. Andinn á háskólafundum var að of stuttur fyrirvari væri að breyta skipuritinu strax frá næsta hausti en að taka ætti frekari umræðu í haust (starfsmannafundur) og nota tímann til að halda áfram með reglur Lbhí og gæðahandbók sbr. næsta dagskrárlið. Háskólaráð tekur undir þessi sjónarmið og þá ályktun sem háskólafundur gerði um þessi mál.
- Reglur Lbhí og gæðahandbók.** Eftirfarandi skjöl voru tekin til lokaumræðu og samþykkt:
 - Gæðastefna
 - Gæðaskjöl og skrár – stýring og rekjanleiki
 - Hagaðilar
 - Markmiðasetning, aðgerðaáætlun og eftirfylgni
 - Rýni stjórnenda á stjórnunarkerfi gæða
 - Stefnumótun og innleiðing stefnu

Eftirfarandi skjöl bíða afgreiðslu þar til gengið hefur verið frá nýju skipuriti og uppfærðum reglum fyrir Lbhí:

- Handbók gæða
- Hlutverk og ábyrgðarsvið

- Jarðræktarmiðstöð – kynning á stöðu mála og umræða.** Búið er að eiga fundi með fulltrúum FSRE og ráðuneytisins. Lögð er áhersla á að fara í útboðsferli sem fyrst. Von er á fulltrúum FSRE á Hvanneyri á morgun út af fleiri málum og verða málin rædd

þar. Háskólaráð leggur til að Lbhí ráði sérstakan umsjónarmann með verkefninu sem sjái bæði um samskipti við FSRE og að fylgja eftir einstökum verkþáttum o.s.frv.

5. **Skipan öryggisnefndar.** Guðmunda Smáradóttir og Gunnar Viðar Gunnarsson eru tilbúin að vera áfram fyrir hönd stofnunarinnar og staðfestir háskólaráð þá skipan, sömuleiðis þá niðurstöðu sem kemur út úr kosningu á tveimur fulltrúum starfsmanna, en sú kosning er í gangi.
6. **Greinargerð um störf háskólaráðs á undangengnu starfsári – umræða og afgreiðsla.** Rektor fór yfir störf háskólaráðs á undangengnu starfsári. Þau hafa verið fjölþætt að vanda. Samantekt rektors var á skjali sem gefur ágætt yfirlit um starfið.

7. **Mál til upplýsingar:**

- a. Fulltrúar starfsmanna í háskólaráði 2024-2026 eru Haukur Þórðarson (varamaður Áshildur Bragadóttir) og Jóhanna Gísladóttir (varamaður Isabel Barrio) og eru þau boðin velkomin til starfa.
- b. Fæðuklasi: Samningur við Fæðuklasann var undirritaður sbr. umræðu á síðasta fundi.
- c. Orkidea: Samningur hefur verið framlengdur (2025-2027).
- d. Matís. Samningur er í undirbúningi.
- e. Útskrift er á föstudaginn.
- f. Formaður BÍ kemur í heimsókn á Hvanneyri næsta mánudag.
- g. Hópur frá Grænlandi kemur í heimsókn 5. júní.

Næsti fundur háskólaráðs er áformaður 20. ágúst og er stefnt að því að ákveða dagskrá vetrarins þá.

Fundi slitið kl. 14.33